

Ákvörðun nr. 34/2021
Þriðjudagur 7. september 2021

Kaup Lyfsalans ehf. á Lyfjavalí ehf. og Landakoti fasteignafélagi

1. Þann 6. ágúst 2021 var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um kaup Lyfsalans ehf. (hér eftir „Lyfsalinn“) á 100% hlutafjár í Lyfjavalí ehf. (hér eftir „Lyfjaval“) og Landakoti fasteignafélagi. Með tilkynningunni fylgdi styttri samrunaskrá í samræmi við 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur eftirlitsins nr. 1390/2020. Samrunaskráin taldist fullnægjandi og byrjuðu frestir til rannsóknar á samrunanum að líða 9. ágúst 2021. Við athugun málsins leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá og fyrri rannsókna eftirlitsins á sama markaði.
2. Líkt og fram kemur í samrunaskrá er starfsemi samrunaaðila eftirfarandi:
 - a) Lyfsalinn rekur þrjú apótek, öll á höfuðborgarsvæðinu, við Vesturlandsveg, Urðarhvarf og Glæsibæ. Skeljungur er leigusali Lyfsalans við Vesturlandsveg og Lyfsalinn er í 50,6% eigu Pilla Holding ehf., 39,4% eigu Medisýn ehf. og 10% eigu Skeljungs hf. Lyfsalinn hefur ekki yfir að ráða öðrum fyrirtækjum.
 - b) Lyfjaval rekur þrjú apótek, tvö á höfuðborgarsvæðinu, í Hæðasmára og Mjódd og eitt í Reykjanesbæ. Lyfjaval er í eigu Þorvalds Árnasonar og Auðar Harðardóttur. Lyfjaval hefur ekki yfir að ráða öðrum fyrirtækjum.
 - c) Landakot er eigandi fasteignarinnar að Hringbraut 99, Reykjanesbæ, og hefur leigt það húsnæði til Lyfjaval, þar sem félagið starfrækir apótek. Að öðru leyti er enginn rekstur í því félagi.
3. Í samrunaskrá segir að markaðurinn sem samruninn náir til sé markaður fyrir smásölu bæði lyfseðilsskyldra lyfja og lausasölulyfja, auk tengdra smásölumarkaða, s.s. fyrir hreinlætis- og snyrtivörur, heilsuvörur og aðrar heilbrigðis- og hjúkrunarvörur, sem almennt séu seldar í apótekum. Um frekari markaðsskilgreiningu sé vísað til ákvörðunar nr. 1/2020, *Samruni Lyfju hf. og Árbæjarapóteks ehf.*, auk fyrri ákvarðana Samkeppniseftirlitsins vegna lyfjamarkaðarins hér á landi.
4. Samkeppniseftirlitið hefur í ýmsum fyrri málum stofnunarinnar skilgreint þá markaði sem apótek starfa á. Hefur í þeim málum einkum verið litið til lyfjamarkaðarins, enda er lyfsala og sala tengdra vara meginstarfsemi apóteka. Að mati Samkeppniseftirlitsins er sá markaður sem mál þetta varðar einkum markaðurinn fyrir smásölu bæði lyfseðilsskyldra lyfja og lausasölulyfja.¹ Í ljósi þess að þengri skilgreining þessa vörumarkaða hefur ekki áhrif á niðurstöðu málsins er ekki þörf á að taka hana til frekari skoðunar.

¹ Sjá m.a. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 13/2021, *Kaup Lyfja og heilsu hf. á Garðs apóteki ehf.*,



5. Varðandi aðra tengda smásölumarkaði, s.s. fyrir hreinlætis- og snyrtivörur, heilsuvörur og aðra heilbrigðis- og hjúkrunarvörur er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að skilgreina þá markaði líkt og mál þetta liggur fyrir.
6. Í samrunaskrá segir að starfsemi samrunaaðila takmarkist að stofni til við höfuðborgarsvæðið. Að því leyti nái samruninn til þess landfræðilega markaðar, sé það mat Samkeppniseftirlitsins að þar sé sjálfstæður landfræðilegur markaður fyrir sölu lyfja hér á landi. Þá sé Lyfjaval með starfsemi í Reykjanesbæ, en þar sé Lyfsalinn ekki með neina starfsemi.
7. Er það mat Samkeppniseftirlitsins að þeir landfræðilegu markaðir sem um ræðir séu þau markaðssvæði þar sem verslanir samrunaaðila eru starfræktar. Að mati Samkeppniseftirlitsins eru ekki efni til að skilgreina hinn landfræðilega markað þrengra en höfuðborgarsvæðið, sbr. fyrri ákvarðanir. Þar sem það hefur ekki áhrif á niðurstöðu málsins hvora skilgreininguna miðað er við er ekki þörf á að taka nánari afstöðu til skilgreiningar markaðar að þessu leyti.
8. Samrunaaðilar áætla að markaðshlutdeild sameinaðs félags verði um [5-10]%. Þá hafi Lyf og heilsa og Lyfja á síðastliðnum árum verið með í kringum 50-60% markaðshlutdeild á markaðnum. Miðað við markaðshlutdeild samrunaaðila sé það mat þeirra að umrædd kaup raski ekki samkeppni. Hvorki Lyfsalinn né Lyfjaval, sameinuð eða sitt í hvoru lagi, hafi markaðsráðandi stöðu á viðkomandi mörkuðum. Augljóst sé að samruninn muni hvorki breyta né raska hagsmunum neytenda né milliliða til hins verra og hafi því ekki í för með sér neikvæð áhrif. Þvert á móti verði Lyfsalinn eflur og því betur í stakk búinn til að veita stóru aðilunum á markaðnum verðugt samkeppnislegt aðhald.
9. Það er mat Samkeppniseftirlitsins að samruninn muni ekki hafa þau áhrif að hann myndi eða styrki markaðsráðandi stöðu samrunaaðila á markaði málsins, eða raski samkeppni að öðru leyti. Fyrir liggur að lyfsölukeðjurnar Lyfja og Lyf og heilsa hafa sterka stöðu á markaðnum, sbr. fyrri úrlausnir samkeppnisyrivalda.² Þannig mun sameinað félag vera í samkeppni við aðra sterka keppinauta á markaðnum. Auk þess er ljóst að staðbundin áhrif samrunans eru takmörkuð. Að öllu framangreindu virtu er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að engar vísbendingar séu um að samruninn komi til með að hindra virka samkeppni á markaði fyrir smásölu lyfja á höfuðborgarsvæðinu. Telur Samkeppniseftirlitið því ekki forsendur til að aðhafast frekar í þessu máli.

Ákvörðunarorð

„Kaup Lyfsalans ehf. á Lyfjavali ehf. og Landakoti fasteignafélagi fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til að aðhafast frekar í máli þessu.“

² Sjá m.a. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 28/2006, *Samruni DAC ehf. og Lyfjavers ehf.* þar sem sameiginleg markaðshlutdeild Lyfju og Lyfju og heilsu var talin liggja á bilinu 75-85% í smásölu lyfja á höfuðborgarsvæðinu. Ákvörðunin var staðfest með úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 6/2006, *DAC ehf. og Lyfjaver ehf. og Lyf og heilsa ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu*. Sjá einnig ákvörðun Samkeppniseftirlitsins í máli nr. 4/2010, *Misnotkun Lyfja og heilsu hf. á markaðsráðandi stöðu sinni*. Þar byggði Samkeppniseftirlitið á sameiginlegri markaðsráðandi stöðu Lyfju og Lyfja og heilsu á höfuðborgarsvæðinu. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála tók ekki afstöðu til þess í úrskurði sínum í máli nr. 5/2010, *Lyf og heilsa gegn Samkeppniseftirlitinu*. Markaðshlutdeild Lyfju og Lyfja og heilsu var hins vegar talin liggja á bilinu 40-50% (að teknu tilliti til lyfjasviðs Landspítala) á árunum 2015-2016 í ákvörðun nr. 28/2017, *Samruni Haga hf. og Lyfju hf.* Á árunum 2018-2020 hefur sameiginleg markaðshlutdeild Lyfju og Lyfja og heilsu á höfuðborgarsvæðinu verið á bilinu [45-55]%



Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson